

## „Prófill“

**Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:** Húsnæði skólans er 8300 m<sup>2</sup>. Meðalfjöldi nemenda á vorönn og haustönn 2015 var um 2055, þ.a. 871 nemandi í dagskóla á haustmisseri og tæplega 1200 í fjarnámi. KK nemendur voru 37% og KVK 63%. Meðalaldur nemenda í dagskóla er 23,4 ár og í fjarnámi 25,6 ár. 104. Nemendur af erlendum uppruna voru 104, flestir frá Póllandi eða 21. Fjöldi starfsmanna var 111 (kk 30% og kvk 70%) og meðalaldur þeirra rúm 50 ár.

**Námsframboð:** Skólinn bauð upp á nám á fjórum brautum til stúdentsprófs: náttúrufræðibraut, félagsfræðibraut, hugvísindabraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Undirbúningsbrautir fyrir bóknám: Almenn námsbraut og framhaldsskólabraut. Skólinn býður upp á nám á nýsköpunar- og listabraut sem er tveggja ára starfsnámsbraut. Sérnámsbraut er við skólann með 30 nemendur. Í heilbrigðisskólanum eru eftirfarandi námsbrautir: heilsunuddbraut, tanntæknabraut, sjúkraliðabraut, lækna- og heilbrigðisritarabraut og lyfjatæknabraut. Skólinn fékk leyfi til að tilraunakenna námsbraut fyrir verðandi sóttthreinsitækna og hófst kennslan í janúar 2015. Síðustu nemendur útskrifuðust úr námsbraut í fótaaðgerðarfræði og var sú námsbraut lögð niður í lok árs 2015.

**Framkvæmd markmiða:** Innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga var fylgt eftir með því að setja áfangalýsingar og námsbrautalýsingar inn í námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MMR) og Námsmatsstofnunar. Námsbrautir voru sendar í staðfestingarferli og búið er að samþykka stúdentsbrautir og nýsköpunar- og listabraut af ráðherra menntamá. Sjálfbærninefnd fundaði mánaðarlega og er aðgerðaráætlun með mælanlegum markmiðum aðgengileg á heimasíðu skólans. Áfram var haldið að greina ástæður brotthvarfs sk. samræmdum atriðalista MMR. Markmiðinu að viðhalda styrk FÁ í fjarnámi var fylgt eftir með því að bjóða upp á kynningar á námsumsjónarkerfi í upphafi annar. Því markmiði að halda rekstri skólans innan fjárheimildar var reynt að fylgja eftir með aðgerðum til hagræðingar á öllum sviðum skólastarfs. Þátttakan í kennslumati á haustönn 2015 var 65% og því markmiði um virka þátttöku nemenda náð. Markmiðinu að fjölga tækifærum nemenda og starfsmanna til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi var fylgt eftir með þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og fóru 17 kennarar og 10 nemendur í ferðir á vegum skólans. Markmiðinu að auka starfsánægju starfsmanna var fylgt eftir með því að framkvæma starfsmannaviðtöl og með ýmsum aðgerðum til að bæta ímynd skólans og efla trúverðugleika stjórnenda. Skólinn tók þátt í starfsánægjukönnuninni „Stofnun ársins 2015“ og hækkaði verulega milli ár og fékk sérstaka viðurkenningu sem Fyrirmyndarstofnun. Skólinn kom mjög vel út í samanburði við aðra stofnanir af svipaðri stærð. Því markmiði að leggja drög að innleiðingu vottaðs gæðakerfis var fylgt eftir með því að skilgreina fleiri ferla skólastarfs. Markmiðinu að bjóða upp á öflugra stoðþjónustu við nemendur var fylgt eftir þrátt fyrir aukna hagræðingu í skólastarfinu. Auk náms- og starfsráðgjafar er boðið upp á stoðþjónustu fyrir nemendur af erlendum uppruna, fyrir nemendur sem þurfa sértækra úrræða og aðstoð við heimanám í Setrinu sem kennarar og nemendur sjá um.

**Úrbótaáætlun eftir sjálfsmat:** Tímasett úrbótaáætlun eftir sjálfsmat er komin til framkvæmda. Markmið og úrbætur fyrir skólaárið 2015/2016 eru aðgengilegar í sjálfsmatsskýrslu á heimasíðu skólans. Niðurstöður viðhorfakannanna og starfsánægjumats eru hafðar til viðmiðunar í umbótastarfi. Á árinu var klárað að setja námsbrautalýsingar inn í gagnagrunn ráðuneytisins og þær sendar í samþykkaferli. Verk- og framkvæmdaáætlunin var uppfærð til ársins 2017. Innleiðing gæðakerfis heldur áfram og eru alls 12 ferlar skráðir auk starfslýsinga. Heimasíða skólans hefur verið virk og fjöldi fréttu birst í hverri viku. Fésbókarsíða skólans nýtur vaxandi vinsælda og hefur fengið yfir 1200 fylgjendur. Foreldrar fengu reglulega upplýsingar frá skólameistara um skólastarfið í tölvupósti. Foreldraráðið hefur verið virkt og fundað reglulega auk þess að bjóða upp á fræðslufund fyrir foreldra. Góð þátttaka var í kennslumati á vor- og á haustönn 2015. Niðurstöður kennslumats eru notaðar í starfsmannaviðtölum. Skólinn heldur áfram að taka virkan þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

**Úttektir:** Ekki voru framkvæmdar formlegar úttektir 2015.

**Afkoma, rekstrarstaða:** Rekstur skólans var jákvæður um 6.000.000,- sem er fyrst og fremst tilkomin vegna aukafjárveitinga í sambandi við nemendauppgjör.

**Brottfall:** Brottfall er tvíþætt, annars vegar brotthvarf nemenda úr skóla og hins vegar brotthvarf úr einstökum áföngum. Samræmdur spurningalisti á vegum menningar- og menntamálaráðuneytis var lagður fyrir nemendur sem hættu námi og eru niðurstöður notaðar til að greina ástæður brotthvarfs. Náms- og starfsráðgjafar, sem hafa umsjón með brotthvarfsgreiningu, höfðu samband við nemendur sem sögðu sig úr námi. 44 nemendur hættu námi á haustönn 2015, flestir vegna andlegra eða líkamlegra veikinda og er þetta í takt við niðurstöður síðustu anna.

**Stjórnun:** Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, gæðastjóri (50% starf), fjármálastjóri, fjarnámsstjóri og námskrárstjóri í 25% starf. Við skólann starfa þrjú kennslustjórar stúdentsbrauta og fjórir kennslustjórar í heilbrigðisskólanum. Auk þess eru starfandi kennslustjóri sérnámsbrautar, kennslustjóri fyrir sérþæka námsörðugleika, kennslustjóri nýbúa og kennslustjóri almennrar námsbrautar og framhaldsskólabrautar. Fagstjórar eru starfandi í öllum námsgreinum.

**Samvinna við aðra:** Skólinn er í samstarfi við Námsflokka Reykjavíkur og nokkra grunnskóla. Mikið samstarf er við Landspítalann og stéttafélög heilbrigðisgreina vegna náms í heilbrigðisgreinum. Samstarfi við Snyrtiakademiuna í Kópavogi var hætt á haustönn 2015 og námsbraut í fótaaðgerðarfræði lögð niður. Skólinn hefur verið í öfluglu alþjóðlegu samstarfi á síðasta ári og er það stefna skólans að viðhalda því. Skólinn lauk þátttöku í umfangsmiklu samstarfsverkefni undir nafninu ESTIC styrkt af EEA Grants við Viimsi Secondary School frá Eistlandi á vorönn 2015. Öðru samstarfsverkefni styrkt af EEA Grants undir nafninu SAM Children með þátttöku sérnámsbrautar lauk á haustönn 2015 með fundi í Reykjavík. Skólinn tók þátt í verkefni styrkt af Nordplus undir heitinu Continuum skole job og lauk því verkefni með fund í Reykjavík á haustönn 2015. Skólinn stýrir skólasamstarfsverkefni, Sustainable Outdoor Activities, undir Erasmus+ áætlun. Lýkur þessu verkefni á vorönn 2016. Nýtt skólasamstarfsverkefni undir Erasmus+ áætlun hófst á haustönn 2015 og heitir verkefnið European School TV. Skólinn fékk styrk á vegum Erasmus+ áætlunar í starfsþjálfun nemenda og fóru fjórir nemendur á sjúkraliðabraut í mánaðar starfsþjálfun til Danmerkur. Skólinn fékk einnig styrk á vegum Erasmus+ áætlunar í nám og þjálfun starfsmanna. Tveir bókasafnsfræðingar skólans heimsóttu skólabókasöfn í Svíþjóð á vorönn 2015 og á haustönn 2015 sóttu fjórir starfsmenn námskeið í Sjálfbærni í skólastarfi í Grikklandi. Samstarfið við Umhverfisstofnun hélt áfram á síðasta ári og tók fjöldi nemenda þátt í Grænu vikunni, síðustu helginni í ágúst.

**Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:** Kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum og bóknámi, heilsueflandi framhaldsskóli með áherslu á sjálfbærni í skólastarfi.